

Skil á launaskýrslum o.fl.

Ríkisskattstjóri gaf hinn 6. janúar 2004 út auglýsingu nr. 1/2004 um skilaskyldu og skilafresti á árinu 2004 fyrir launaskýrslur o.fl. Auglýsingin var birt í B-deild Stjórnartíðinda 2004 nr. 1-6.

Samkvæmt ákvæðum auglýsingarinnar ber þeim sem þar eru taldir og hafa innt af hendi greiðslur eða hlunnindi að skila upplýsingum um slíkar greiðslur til skattstjóra á rafrænu formi eða á þar til gerðum eyðublöðum. Er hér um að ræða skil á eftirfarandi:

- **Launamiðum og greiðslumiðum** (RSK 2.01) vegna launa, lífeyris, tryggingabóta, atvinnuleysisbóta o.fl. Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi endurgjald fyrir vinnu, bætur, styrki eða aðrar greiðslur sem skattskyldar eru skv. 7. gr. laga nr. 90/2003.
- **Verktakamiðum** (RSK 2.01) vegna greiðslna til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu). Skilaskyldir eru félög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar.
- **Bifreiðahlunnindamiðum** (RSK 2.035) vegna fólksbifreiða í eigu launagreiðanda. Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar og ekki fylla út RSK 4.03 vegna hennar.
- **Hlutafjármiðum** (RSK 2.045) **ásamt samtalningsblaði** (RSK 2.04) vegna greiðslu arðs eða vaxta. Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnuhlutafélög og sparisjóðir.
- **Stofnsjóðsmiðum** (RSK 2.065) **ásamt samtalningsblaði** (RSK 2.06) vegna greiðslu arðs eða vaxta. Skilaskyld eru öll samvinnufélög þ.m.t. kaupfélög.
- **Launaframtali** (RSK 1.05) einstaklinga, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og lögaðila, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003.

- **Upplýsingum um viðskipti með hlutabréf** (RSK 2.08). Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðs- viðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf.
- **Greiðsluyfirliti** (RSK 2.025) yfir hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. tölul. (þjónusta eða starfsemi innt af hendi hér á landi) og 6. tölul. (leiga og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda, sérþekkingar o.fl.) 3. gr. laga nr. 90/2003. Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa greiðslur sem þessar af hendi.
- **Greiðslumiðum** (RSK 2.02) yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 og ekki er gerð grein fyrir á skilagreinum RSK, sem taldar eru upp hér að framan. Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa greiðslur sem þessar af hendi.

Frestur til að skila umræddum upplýsingum til viðkomandi skattstjóra samkvæmt auglýsingunni var veittur til og með 26. janúar 2004 eða til 6. febrúar s.á. vegna skila á gögnum á rafrænu formi.

Þeim tilmælum er hér með beint til þeirra sem ennþá hafa ekki skilað umræddum upplýsingum að skila þeim nú þegar.

Bent skal á að sé upplýsingum um launagreiðslur og/ eða verktakagreiðslur ekki skilað er skattstjóra heimilt að synja um frádrátt vegna þeirra greiðslna eða hlunninda, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.